

Að mála gólf

með akrýl gólfmálningu



Aðferð

Steypt gólf

1. Undirlag verður að vera hreint, þurrt og ryklaust. Nýsteypt gólf þurfa að vera gegnumhörðnuð og sementshúðin slípuð af áður en málað er. Stálslípuð steypt gólf skal véslípa.
2. Ómeðhöndluð steypt gólf skal hreinsa vandlega. Fjarlægið fitu og olíubletti.
3. Grundið með Original Golvfärg málningu sem þynnt hefur verið 20% með vatni.
4. Málið síðan tvær umferðir með óþynntri Original Golvfärg málningu. Efnid nær endanlegum styrk og hörku á nokkrum dögum. Látið því flötinn ekki sæta miklu álagi fram að því.

Ný viðargólf

1. Tryggið að viðargólfid sé hreint og mattslípað.
2. Berið tvisvar sinnum á kvisti í viðnum með Original Kvistlack.
3. Grundið síðan allan viðinn með Original Häftgrund.
4. Málið loks tvær umferðir með óþynntri Original Golvfärg málningu. Efnid nær endanlegum styrk og hörku á nokkrum dögum. Látið því flötinn ekki sæta miklu álagi fram að því.

Gömul viðargólf

1. Þvoið gólfid með Málartvätt og hreinsið vel með vatni. Blandið Málartvätt með vatni í hlutfallinu 1:3. Berið blönduna á með svampi eða bursta. Látið blönduna liggja á fletinum í nokkrar mínútur og skrúbbið af með blautri tusku eða bursta og vatni.
2. Fjarlægið lausa málningu og mattslípið gólfid. Ryksugið vandlega, sérstaklega við gólfista og þröskulda.
3. Grundið ójafnt yfirborð þar sem málning hefur flagnað af með Original Häftgrund.
4. Málið loks eina til tvær umferðir yfir flötinn með Original Golvfärg. Efnid nær endanlegum styrk og hörku á nokkrum dögum. Látið því flötinn ekki sæta miklu álagi fram að því.

ATH. Original Golvfärg hentar ekki á bílskúrgólf. Þar má t.d. nota Wapex 660.

**Nákvæmari upplýsingar um efnin má finna í tækniblöðum.*

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Gljástig lakks: Háfgljáandi 50%

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, Häftgrund 2 klst; Golvfärg 2 klst

Yfirmálun: Häftgrund 16 klst; Golvfärg 2 klst

Lágmarkshiti við málun: +5°C

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, lakkrúllur, sprauta

Þekja: Häftgrund 5-8 m²/l; Golvfärg 6-8 m²/l

Hreinsun: Sápuvatn